

224. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 31. maí 2007 kl. 20.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Guðmundur Andrésson, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir Bæjarráðs.

- 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 421, dags. 03.05.2007.
Fundargerðin er í 11 tölusettum liðum.

1. Fundargerðir nefnda.

- 1.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 17. 4.2007.
Fundargerð framlögð.

Liður 1 Deiliskipulagstillaga lögð fram af íbúðabyggð við Tjarnarmýri. Tillagan var í auglýsingu 1. mars til 12. apríl s.l. Athugasemdarlisti móttokin 11.04.2007.

Samþykkt að vísa málinu til skipulags- og byggingarnefndar og nefndin beðin um að koma með nýja deiliskipulagstillögu í samræmi við aðalskipulag.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2 Deiliskipulagstillaga lögð fram af lóðum á hafnarsvæði við Nesveg. Tillaga var í auglýsingu frá 1. mars til 12. apríl s.l. Athugasemdarbréf bárust. Umsögn lögð fram dags. 15.04.2007.

Deiliskipulagstillaga frá 12.02.2007 ásamt umsögn samþykkt, með þeirri breytingu að settar verði jarðmanir við norðaustur gafl húsanna.

Til máls tóku DS, GDP. Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur, einn sat hjá.

Liður 3 Gunnar Már Gestsson og Eyrún María Guðmundsdóttir sækja um að byggja við húsið að Silfurgötu nr. 22, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni. Þar með fellur fyrri meðferð máls úr gildi.

Samþykkt að grenndarkynna tillögu dags. 26.03.2007, fyrir Silfurgötu 20 og 24 A.

Liður 4 Fyrirspurn frá Jon Nordstein f.h. eigenda Vikurgötu 8 (Staðarfells) um að stækkun og endurbyggingu útihússins við Staðarfell samkvæmt bréfi og tillöguteikningum dags. 28. mars 2007.

Samþykkt niðurrif á skúr og endurbyggingu húss á einni hæð. Ekki er leyft að Hafa íbúðarrými í byggingu.

Samþykkt samhljóða.

Liður 5 Kristján Auðunn Berntsson sækir um að byggja við Víkurflöt 3, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags. mars 2007.

Samþykkt samhljóða.

Liður 6 Gunnlaugur Árnason óskar eftir afmörkun á lóð Hafnargötu 9, samkvæmt bréfi dags. 17.03.2007. Lögð var fram álitserð frá Pétri Kristinssyni lögmanni frá 2. maí 2007.

Það er ekki á valdi Stykkishólmsbæjar að ákvarða mörk á milli lóða sem áður voru Skólastígur 2. Um er að ræða erfðafestulóð sem Sigurður Ágústsson hf. seldi hluta af með frjálsum samningi. Það er því á valdi lóðarhafa að skýra út hvaða hluti lóðarinnar var seldur Sólborgu hf.1982. Mörk milli lóðanna þurfa að ákvarðast í samstarfi núverandi handhafa lóðanna.

Stykkishólmsbær getur því ekki orðið við beiðni Sæfells hf. að því leyti sem hin umbeðna breyting á lóðinni kann að skerða þann hluta lóðarinnar sem ekki var afsalað árið 1982.

Til máls tóku DS, GDP. Samþykkt samhljóða.

Liður 8 Tillaga að lóðarafmörkun við Hafnargötu 11 samkvæmt tillögu.

Ákveðið að grenndarkynna tillögu að lóðarmörkum fyrir Silfurgötu 1 og 3 og Hafnargötu 9 og 13.

Samþykkt samhljóða.

Liður 11 Stefán Björgvinsson f.h. Hamraafls ehf. , sækir um hurðabreytingu á skemmu að Hamraendum nr. 3, skemmubili nr. 2.

Samþykkt samhljóða.

Liður 12 Ásmundur Skeggjason/ Anna María Guðmundsdóttir Silfurgötu 14 sækja um að girða lóð sbr. teikningu móttekin 16.04.2007.

Samþykkt samhljóða.

Liður 13 Nafn á vegi við athafnasvæði A2 samkvæmt deiliskipulagi.

Samþykkt að óska eftir tillögum frá bæjarbúum.

Afgreiðslan samþykkt samhljóða.

Liður 14 Stykkishólmsbær leggur fram tillögu á staðsetningu upplýsingaskilta við Frúarstíg vegna framkvæmda á miðbæ.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin síðan staðfest samhljóða.

3. Skýrsla vinnuhóps um málefni frístundabænda.

Skýrsla framlögð. Lýst er yfir ánægju með skýrsluna og niðurstöðum vísað til skipulags- og byggingarnefndar í tengslum við endurskoðun á aðalskipulagi.

Samþykkt samhljóða.

4. Lóðaumsóknir.

4.1. Símon Sturluson f.h. Hamraafls sækir um lóðina Hamraenda 4, dags. 19.3.2007.

Lóðarumsókn hafnað, þar sem á bæjaráðsfundi 8. september 2005 var ákveðið að útbúið verði stæði fyrir stóra bíla og vinnuvélar að Hamraendum 4. Samþykkt að lóð nr. 6 á Hamraendum verði útbúin fyrir stæði fyrir stóra bíla og vinnuvélar. Samþykkt að auglýsa lóð að Hamraendum 4 til umsóknar.

Samþykkt samhljóða.

6. Styrkbeiðnir.
 - 6.1. Þorsteini Sigurlaugsson f.h. Seakayak Iceland sækir um styrk, dags. 15.4.2007 vegna sjókayak hátíðar Eiríks Rauða sem fram fer í Stykkishólmi 26.-28. maí n.k.
Samþykkt að veita Þorsteinu Sigurlaugssyni fh. Seakayak styrk kr. 80.000 til kynningar á hátíðinni.
Til máls tóku BA, ELB, EF, GDP. Samþykkt samhljóða.
 - 6.2. Björgvin Rúnar Valentínsson sækir um styrk, dags. 25.4.2007 til að leika með U18 landsliði á Norðurlandamóti Unglingalandsliða í körfuknattleik.
Samþykkt að veita Björgvini Rúnari Valentínussyni styrk kr. 20.000, Elísabet L. sat hjá vegna tengsla.
Samþykkt með sex atkvæðum, Elísabet sat hjá.
7. Erindi til afgreiðslu.
 - 7.1. Staða Green Globe verkefnisins á Snæfellsnesi og næstu skref, dags. í apríl 2007.
Skýrsla framlögð og bæjarstjóra falið að hafa samband við aðra aðila Green Globe á Snæfellsnesi.
Til máls tók EF, DS. Samþykkt samhljóða.
 - 7.2. Vinnuskólinn og áhaldahús – endurskoðun gjaldskrár.
Samþykkt að hækka gjaldskrá eftirleiðist miðað við hækkun neysluverðsvísitölu. Hækkun núna er 5% miðað við neysluverðsvísitölu maí 2007 sem er 268,7.
Til máls tóku DS, LÁH. Samþykkt samhljóða.
 - 7.3. Vinnuskólinn – hækkun tímalauna.
Samþykkt að hækka laun 3% frá fyrra ári, samkvæmt samræmi við samninga Launaneftdar sveitarfélaga.
Til máls tóku DS, GDP, EF. Samþykkt samhljóða.
8. Fjármál.
 - 8.1. Afskriftir viðskiptakrafna.
Samþykkt að afskrifa viðskiptakröfur að upphæð kr. 53.079.053, er það að stærstum hluta vegna Þór hf.
Til máls tóku DS, GDP. Samþykkt samhljóða.
9. Samningar.
 - 9.1. Verksamningur við BB og syni vegna gatnagerðar 3. áfanga Hjallatanga.
Verksamningur framlagður og staðfestur.
Samþykkt samhljóða.
 - 9.2. Verksamningur við Borgarverk vegna jarðvegsframkvæmda í miðbæ.
Verksamningur framlagður og staðfestur.
Til máls tók LÁH. Samþykkt samhljóða.
10. Tillögur.

10.1. Bæjarstjóri leggur til að samningur við Eflingu verði endurnýjaður.
Samþykkt að endurnýja samning á grundvelli eldri samnings.

Samþykkt samhljóða.

10.2. Bæjarstjóri leggur til að endurnýjaður verði samningur við
Mostra um rekstur tjaldsvæðis.

Samþykkt samhljóða.

10.3. Bæjarstjóri leggur til að upplýsingamiðstöð ferðamála verði staðsett í
íþróttamiðstöð.

Samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál.

a. Tillaga frá Elísabetu . Um að skipulags- og bygginganefnd staðsetji gangbraut við
Aðalgötu hjá Leikskólanum.

Samþykkt samhljóða.

b. Tillaga frá Lárusi um staðsetningu gangbrautar yfir Ásbrú.
Samþykkt að vísa málinu til skipulags- og bygginganefndar, einnig biður bæjarráð
nefndina að skoða staðsetningu gangbrauta í bænum.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 422, dags. 22.05.2007.
Fundargerðin er í 8 tölusettum liðu.

1. Fundargerðir nefnda.

1.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 15. maí 2007.

Fundargerð framlögð.

Liður 2 deiliskipulagstillaga lögð fram að nýju af íbúðabyggð við Móholt /
Búðanesveg dags. 5.03.2007. Tillagan var í auglýsingu frá 29. mars til 10. maí
2007. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagstillaga samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

Liður 3 deiliskipulagstillaga af óverulegri breytingu á deiliskipulagi við
Laufásveg nr. 4. Deiliskipulagstillagan samþykkt ásamt umsögn nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 5 tillaga að lóðarafmörkun vatnstanks Orkuveitu Reykjavíkur við
Skólastíg nr. 17.a. Samþykkt að lóð verði hringlaga og nái 1m út fyrir tankinn
með aðkomu frá Skólastíg.

Til máls tóku DS, GDP, LÁH. Samþykkt samhljóða.

Liður 7 staðsetningar á gangbrautum.

Nefndin leggur til að:

- a) Gangbrautir og gangbrautamerki verði yfir Aðalgötu við Tjarnarás og við
Búðanesveg.
- b) Gangbrautir verði yfir Tjarnarás við Tjarnarhólma og við Búðanesveg.
- c) Gangbraut verði yfir Búðanesveg við Búðanes.

Bæjarráð samþykkir tillögur a, b, og c., Auk þess samþykkir bæjarráð að gangbraut verði lögð yfir Ásbrú við Áskinn og Nestún.

Samþykkt samhljóða.

Liður 9 Pétur Geirsson óskar eftir að staðsetja undirmerki fyrir Hótel

Stykkishólm samkvæmt bréfi dags. 7. maí 2007.

Samþykkt að sett sé hefðbundið hótél upplýsingaskilti við gatnamót Aðalgötu og Borgarbrautar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 10 Björgvin Guðmundsson Hjallatanga nr. 8, óskar eftir að byggja sólstofu sbr. teikningu frá Sveini Ingólfssyni móttækin dags. 8. maí 2007. Stærðir: 12 m², 29m³.

Erindi samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

Liður 11 lagt fram erindi frá Þorgrími Kristinssyni og Gerði H. Sigurðardóttur, Víkurflöt nr. 7 um endurbætur á lóð samkvæmt teikningu. Skriflegt samþykki lóðarhafa Víkurflatar nr. 9 liggur fyrir.

Erindi samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

1.2. Fræðslunefnd, dags. 7.5.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjaráð óskar eftir greinargerð um námsferðir kennara og starfsfólks við Grunnskólans s.l. vetur og hvernig ferðirnar nýtast fyrir starf skólans.

Til máls tóku, ELB, GDP. Samþykkt samhljóða.

1.3. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 7.5.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt. Liður 2 samþykkt að hækka skólagjöld um 3% fyrir skólaárið 2007-2008.

Samþykkt samhljóða.

1.5. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 21. maí 2007.

Fundargerð framlögð.

Liður 2.a) Gunnar Már Gestsson og Eyrún María Guðmundsdóttir sækja um að byggja við húsið að Silfurgötu nr. 22, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 26.03.2007. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Silfurgötu 20 og 24 A til og með 21. maí. Engar athugasemdir hafa borist. Erindið er samþykkt með fyrirvara um að ekki berist athugasemdir næstu daga sem eru póstagðar þann 21. maí.

Fundargerð samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

3.1. Samningur við Mostra um rekstur tjaldsvæðisins, dags. 9.5.2007.

Samningur framlagður og samþykktur.

Samþykkt samhljóðs.

- 4.2. Aðalfundarboð Byggðasamlags Snæfellinga um rekstur félags- og skólaþjónustu, haldinn á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar þann 23.5.2007, kl. 20.30.
Framlagt. Bæjarstjóra falið að fara með umboð Stykkishólmsbæjar á fundinum.
Samþykkt samhljóða.
- 6.1. Bréf Landverndar, dags. 9.5.2007 vegna uppsetningu flaggstanga við grunnskólann og leikskólann til að flagga Grænfánanum.
Bæjarstjóra falið að afgreiða málið í samráði við skólastjóra grunn- og leikskóla.
Til máls tóku LÁH, EF, DS. Samþykkt samhljóða.
- 6.2. Skjalstjórnunarkerfi. Tilboð í skjalastjórnunarkerfið One System.
Samþykkt að kaupa skjalastjórnunarkerfið One System af One System Ísland ehf.
Allir tóku til máls. Samþykkt samhljóða.
- 6.3. Bréf Pósts- og fjarskiptastofnunar dag. 10.5.2007, vegna umsagna um reglur.
Bæjarráð hefur engar athugasemdir við reglur um aukið öryggi í fjarskiptum.
Samþykkt samhljóða.
- 6.4. Reglur um skilti. Frestað frá bæjarráðsfundi 3.5.2007.
Drög að reglum um staðsetningu skilta í Stykkishólmi samþykkt með árgerðum breytingum.
Til máls tóku EF, GDP, DS. Samþykkt samhljóða.
- 7.1. KKD Snæfells sækir um styrk, dags. 12.4.2007, vegna keppnistímabilsins 2006-2007. Samþykkt að bæjarráð boði stjórn KKD Snæfells á fund.
Til máls tóku DS, GDP, LÁH, BA, ELB. Samþykkt samhljóða.
- 7.2. All Senses hópurinn sækir um styrk, dags. 18.5.2007 til gerðar stuttmyndar um Vesturland.
Samþykkt að veita All Senses styrk að upphæð 200.000 kr., til gerðar stuttmyndar um Vesturland.
Til máls tóku EF, DS, GDP. Samþykkt samhljóða og All Senses hópnum óskað til hamingju með útnefningna frumkvöðull ársins á Vesturlandi.
- 7.3. Umsjónarnefnd um framkvæmd minkaátaks sækir um styrk, dags. 30.4.2007, vegna átaksins um útrýmingu minks.
Samþykkt að vísa erindinu til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2008.
Ssamþykkt samhljóða.
- 7.4. Skólahreysti sækir um styrk, vegna Skólahreysti 2007.
Bæjarráð sér sér ekki fært á að veita Skólahreysti styrk.
Samþykkt samhljóða.
- 7.5. Helga Hjördís Björgvinsdóttir sækir um styrk, dags. 7.5.2007 til að leika með U16 landsliðinu á Norðurlandamóti Unglingalandsliða í körfuknattleik.
Staðfest samhljóða.

Samþykkt að styrkja Helgu Hjördísi Björgvinsdóttur að upphæð 20.000 kr.

Samþykkt samhljóða.

- 7.6. Egill Egilsson sækir um styrk til að leika með U16 landsliðinu á Norðurlandamóti Unglingalandsliða í körfuknattleik.
Samþykkt að styrkja Egil Egilsson að upphæð 20.000 kr. Bæjarráð óskar Agli innilega til hamingju með Norðurlandameistaratitilinn.

Samþykkt samhljóða.

- 7.7. Atli Rafn Hreinsson sækir um styrk til að leika með U18 landsliðinu á **Norðurlandamóti Unglingalandsliða í körfuknattleik.**
Samþykkt að styrkja Atla Rafni Hreinsson að upphæð 20.000 kr.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku síðan DS, EF, GDP

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 17.04.2007.

Áður afgreidd á fundinum.

- 2.2. Stjórn Dvalarheimilis aldraðra, dags. 17.04.2007.

Staðfest samhljóða.

- 2.3. Umhverfisnefnd, dags. 30.04.2007.

Staðfest samhljóða.

- 2.4. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 16.04.2007.

Staðfest samhljóða.

- 2.5. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 23.04.2007.

Staðfest samhljóða.

- 2.6. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 15.05. og 21.05. 2007.

Áður afgreidd á fundinum .

- 2.7. Fræðslunefnd, dags. 07.05.2007.

Staðfest samhljóða.

- 2.8. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 07.05.2007.

Til máls tók ELB. Staðfest samhljóða.

- 2.9. Stjórn Dvalarheimilis, dags. 2.05.2007.

Staðfest samhljóða.

3. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja fyrir árið 2006, seinni umræða.

Til máls tóku EF, DS, GDP. Bæjarstjórn lýsir ánægju með niðurstöðu ársreikningsins. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja var síðan samþykktur samhljóða.

Bæjarfulltrúar árituðu síðan ársreikninginn.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:53

Guðmundur Andrésson, fundarritari